

# Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

## Starfsáætlun 2021 - staða aðgerða október 2021

### Lýðræði

- ✓ Betri lýðræðisgátt: einfalda og skýra
- ✓ Greina fjárhagslegar hindranir fyrir lýðræðislegri þátttöku og auka meðvitund um þær
- ✓ Aukið lýðræði ungs fólks
- ✓ Auka kosningaþátttöku: ná til þeirra sem kjósa síst s.s. eldri borgarara, ungs fólk og innflytjenda
- ✓ Skoða leiðir til þess að kortleggja viðhorf íbúa um ákveðin málefni eftir borgarhlutum
- ✓ Klára lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

**Staða:** Lýðræðisstefnan tekur á flestum ef ekki öllum þessum þáttum. Stefnan verður lögð fram í borgarstjórn í október og verður í framhaldi að samþykkt innleidd.

### Fötlun

- ✓ Algild hönnun og nálgun í öllu borgarkerfinu
- ✓ Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks um málefni fatlaðs fólks verði með markvissari hætti hluti af allri ákvörðunartöku um málefni þessa hóps
- ✓ Auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á starfsstöðum Reykjavíkurborgar

**Staða:** Unnið að aðgengisstefnu sem verður lögð fyrir borgarstjórn á næstu mánuðum. Unnið að verkefninu Römpum upp Reykjavík.

### Jafnrétti

- ✓ Allir grunnskólar bjóði jafnréttisfræðslu
- ✓ Klára jafnréttisúttekt á öllum íþróttafélögum
- ✓ Fylgja eftir þeim upplýsingum sem fram koma í jafnréttisúttekt íþróttafélaganna
- ✓ Jafnréttisskimun sé nýtt sem leiðarljós við alla forgangsröðun fjármagns

**Staða:** Jafnréttisfræðslan í undirbúningi. Úttekt á síðustu félögum lokið og verður kynnt á næsta fundi MNL. Unnið með Íþróttabandalag Reykjavíkur ÍBR að betri ferlum. Jafnréttisskimun innleidd.

### Uppruni og þjóðerni

- ✓ Auka alla upplýsingagjöf til fólks með annað móðurmál en íslensku, með áherslu á afleiðingar vegna Covid19
- ✓ Þýða vefsíðu yfir á ensku og helst pólsku.
- ✓ Þýða öll umsóknareyðublöð á pólsku og ensku og gera viðmót notendavænt
- ✓ Vinna að upplýsingamiðstöð innflytjenda. Allar upplýsingar á einum stað

**Staða:** Allar upplýsingar vegna Covid þýddar. Sérfræðingur vinnur að þýðingum þ.e. einföldum á texta, á PÖN. Ný vefsíða opnar á næstu vikum. Upplýsingamiðstöð, New in Iceland, opnaði í byrjun árs 2021.

## Hinsegin málefni

- ✓ Vinna að innleiðingu Regnbogavottunar á vinnustöðum Reykjavíkurborgar
- ✓ Allir grunnskólar bjóði nemendum og starfsfólki hinsegin fræðslu
- ✓ Fylgja eftir aðgengi að ókyngreindum salernum
- ✓ Fylgja eftir aðgengi transfólks að sundlaugum
- ✓ Fylgja eftir úrbótum á húsnæði borgarinnar þegar kemur að aðgengi allra kynja
- ✓ Leiðbeina varðandi tungumálanotkun í upplýsingaefni Reykjavíkurborgar, svo að hún sé ekki útilokandi fyrir nein kyn

**Staða:** Regnbogavottun lokið á 16 starfsstöðum. Bókanir fram í apríl mánuð 2022 vegna 24. starfsstaða. Biðlisti eftir vottun. Hinsegin fræðsla samhliða regnbogavottun auk fræðslu vegna trans barna í boði fyrir alla skóla. Samtal við ráðuneytin vegna ókyngreindra salerna. Bæklingur fyrir starfsfólk um spurningar og svör vegna hinsegin gesta. Skýrsla vegna húsnæðis SFS kynnt á næstu vikum.

## Öryggi

- ✓ Bæta lýsingu á almennum svæðum og undirgöngum og gera úttekt þar á
- ✓ Fylgja eftir bættu verklagi gegn fordómum, ofbeldi og áreitni á vinnustöðum borgarinnar
- ✓ Fylgjast með tíðni ofbeldis í samfélaginu með áherslu á afleiðingar vegna Covid19

**Staða:** Úttekt á undirgöngum lokið og verður kynnt á fundi í nóvember. Vitundarvakningarátak í undirbúningi (fræðsla að mestu legið niðri vegna Covid). Saman gegn ofbeldi fylgir eftir verkefni gegn heimilisofbeldi og ofbeldisnefnd fylgist með tíðni ofbeldis.

## Heilsufar

- ✓ Geðheilsumál: Fræðsla og forvarnir með áherslu á afleiðingar vegna Covid19

**Staða:** Vitundarvakningarátak í undirbúningi

## Annað

- ✓ Samstarf við samráðsnefndir s.s. öldungaráð, aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fjölmenningsráð og ofbeldisvarnarnefnd
- ✓ Félagsleg einangrun fatlaðs fólks og aldraðra

**Staða:** Viðvarandi samstarf.